## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

9. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 10. janúar 2007, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Kjartan G. Magnússon. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.
Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, við bætast liður 9; Stofnun lögbýlis að Langholti, liður 10; Vegagerð fyrir búgarðabyggð í Hvammi Holtum, liður 11.1; SASS, námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn, liður 12.7; Félagsmálaráðuneytið, uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 2006 og liður 12.8; Félagsmálaráðuneytið, úthlutun framlaga vegna nýbúafræðslu. Aðrir liðir færast aftar sem þessu nemur.
Samþykkt samhljóða.

1. **Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**

   1.1. Brunavarnir Rangæinga, 11. fundur, 20. desember 2006.
   Samþykkt samhljóða

   1.2. Fræðlunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, 6. fundur, 28. desember 2006.
   Samþykkt samhljóða

2. **Landskipti og sala á landi og landskikum:**

   2.1. Minni Vellir, landskipti.
   Óskað er umsagnar um skiptingu 2ja lóða úr landi Minni Valla. Landnr. lands sem lóðir eru teknar úr: 164995 og nr. lóða: 209700 og 209701.
   Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

3. **Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, beiðni um afskrift á opinberum gjöldum.**
   Beðið er um f. h. sýslumanns að afskrifa megi útsvar og verðbætur á útsvar vegna einstaklinga er voru búsettir hér í stuttan tíma, fluttu svo af landi brott og áttu ýmist eftir að ljúka greiðslu á gjöldum sínum, eða töldu ekki fram og fengu áætlun.
   Samþykkt samhljóða.

4. **Umsókn um byggingarlóðir.**
   Trésmiðjan Rangá ehf. sækir um lóðir við Baugöldu 2-4. Um er að ræða breytingu á skipulagi úr einbýlishúsalóðum í parhúsa- eða raðhúsalóðir. Erindinu er vísað til skipulags- og byggingarnefndar.
   Samþykkt samhljóða.

5. **Iðnaðar- og athafnalóðir.**
   Umræða um skipulag til framtíðar varðandi iðnaðar- og athafnalóðir.
   Skipulags- og byggingarnefnd er falið að deiliskipuleggja slíkar lóðir sunnan Suðurlandsvegar á reitum A8 og I5 á gildandi aðalskipulagsuppdrætti.
   Samþykkt samhljóða.

6. **Verðmat á lóðum í Gaddstaðalandi.**
   Lagt fram verðmat á lóðum nr. 7, 8, 9, 10, 11 frá Fannberg fasteignasölu ehf.
   Lagt er til að verðmatið verði notað til grundvallar við sölu á umræddum lóðum og sveitarstjóra gefið umboð til að selja leiguhöfum lóðirnar. Jafnframt er sveitarstjóra falið að bjóða öðrum leiguhöfum sumarhúsalóða kaup á lóðum í Gaddstaðalandi við Hróarslæk, með sambærilegum hætti.
   Samþykkt samhljóða.

7. **Kostnaðaráætlun vegna breytinga á leikskólanum Laugalandi.**
   Áætlunin hljóðar upp á tæpar 15millj. kr. innanhúss og 10.1millj. kr. utanhúss.
   Samþykkt samhljóða.

8. **Fundardagskráráætlun sveitarstjórnar.**
   Lögð fram áætlun um fundi hreppsnefndar og hreppsráðs út árið 2007.
   Samþykkt samhljóða.

9. **Stofnun lögbýlis - Langholt.**
   Óskað er umsagnar um stofnun lögbýlis - Langholt, landnr. 200098 úr landi Lækjar 1.

Ekki er gerð athugasemd við stofnun umrædds lögbýlis eða nafns þess.
Samþykkt samhljóða.

10. **Vegagerð fyrir búgarðabyggð í Hvammi Holtum.**
Eigandi landsins sendir vangaveltur sínar um fyrirhugaða vegalagningu á svæðinu og fer fram á leyfi til efnistöku í landi Hvamms.
Varðandi hugmyndir um vegalagningu frá Laugalandi að búgarðabyggð í Hvammi, er sú leið ekki talinn vænlegur kostur og ekki fallist á hana af hálfu hreppsnefndar. Varðandi efnistöku úr landi Hvamms er tekið jákvætt í erindið.
Samþykkt samhljóða.
Þorgils Torfi Jónsson tók ekki þátt í afgreiðslu vegna hugsanlegs vanhæfis.

11. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

11.1. SASS; námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn.
Til kynningar. Sveitarstjórnarmönnum í Rangárþingi ytra sem hafa áhuga og tíma til að sækja námskeiðið er veitt heimild til þess.
Samþykkt samhljóða.

12. **Annað efni til kynningar:**

12.1. Gagnaveita Reykjavíkur ehf., nýtt félag yfirtekur réttindi og skyldur Gagnaveitu Orkuveitu Reykjavíkur.

12.2. Menntamálaráðuneytið, breytingar á grunnskólalögum.

12.3. Menntamálaráðuneytið, starfshópur um verklagsreglur um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda.

12.4. Menntamálaráðuneytið, drög að stefnu í fornleifavernd.

12.5. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, drög að nýrri reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi.

12.6. Félagsmálaráðuneytið, úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.

12.7. Félagsmálaráðuneytið, uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 2006.

12.8. Félagsmálaráðuneytið, úthlutun framlaga vegna nýbúafræðslu.

12.9. Landgræðsla ríkisins, vegna malarnáms í Vakalág.

12.10. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, upplýsingar um framlög sveitarfélaga til félagsins.

12.11. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.
Óli Már Aronsson, fundarritari.

## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

10. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 7. febrúar 2007, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Gísli Stefánsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Þorbergur Albertsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Kjartan G. Magnússon. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.
Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, við bætast:
Liður 1.4; 17. samráðsfundur um Holtamannaafrétt, haldinn að Laugalandi 7. febrúar, 2007, liður 9; Byggðasamlag um byggingarfulltrúaembætti í Rangárvallasýslu, liður 10; Kostnaðaráætlun vegna flutnings hitaveitulagnar vegna færslu hringvegar um Hellu, liður 12.10; Alþingi; umsögn um frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð, 12.11; Alþingi; umsögn um þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, liður 12.12; Samband íslenskra sveitarfélaga; námsferðir á vegum sambandsins.
Samþykkt samhljóða.

1. **Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**
   - 1.1. Hreppsráð, 10. fundur, 25. janúar 2007.
     Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.
   - 1.2. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 5. fundur, 17. janúar 2007.
     Til kynningar.
   - 1.3. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 263. fundur, 8.12.2006 og 264. fundur 12.1.2007.
     Til kynningar.
   - 1.4. 17. samráðsfundur um Holtamannaafrétt, haldinn að Laugalandi 7. febrúar, 2007.
     Til kynningar. Afgreiðslu frestað. Samþykkt samhljóða.
2. **Landskipti, sala á landi og landskikum, breytingar á landnýtingu og stofnun lögbýla:**
   - 2.1. Hvammur í Holtum, vegna skógræktar og skjólbeltaræktunar.
     Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um að taka hluta af landi Hvamms undir skóg- og skjólbeltarækt skv. umsókn um slíkt til Suðurlandsskóga.
     Erindinu er vísað til skipulags- og byggingarnefndar. Samþykkt samhljóða.
   - 2.2. Ólöf Rún Tryggvadóttir, stofnun lögbýlis í jörð Stóru Valla.
     Óskað er eftir meðmælum sveitarstjórnar við að stofna lögbýlið Fögruvelli, sem er á landskikum sem var skipt út úr landi Stóru Valla.
     Ekki er gerð athugasemd við stofnun lögbýlisins. Samþykkt samhljóða.
3. **Ferðafélag Íslands; umsókn um bráðabirgðastöðuleyfi fyrir skálavarðarhúsi í Landmannalaugum.**
   Óskað er eftir bráðabirgðastöðuleyfi fyrir 88 fm. skálavarðarhús á móti verða 2 hús sem fyrir eru flutt á brott.
   Erindinu er vísað til skipulags- og byggingarnefndar. Samþykkt samhljóða.
4. **Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu; endurskoðun nefndarlauna.**
   Nefndin óskar eftir endurskoðun á launum fyrir nefndarstörf og vinnu sem tengist setu í nefndinni.
   Fram komnar tillögur barnaverndarnefndar skv. bréfi dags. 29. janúar, 2007 eru samþykktar. Samþykkt samhljóða.
5. **Landmótun ehf.; samningur um ráðgjafaþjónustu í skipulagsmálum.**
   Lagður fram samningur við Landmótun ehf., undirritaður af sveitarstjóra með fyrirvara um staðfestingu.
   Samningurinn er staðfestur. Samþykkt samhljóða.
6. **Kostnaðaráætlun vegna lagfæringa á slökkvistöð, Laufskálum 2.**
   Til kynningar. Sveitarstjórn mælir með framkvæmdinni. Samþykkt samhljóða.
7. **Viðar Þór Ástvaldsson, erindi vegna heimæðar.**
   Til kynningar.
8. **Eyjólfur Guðmundsson, erindi vegna fundar um manngerða hella.**
   Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til atvinnu- og menningarmálanefndar. Samþykkt samhljóða.
9. **Byggðasamlag um byggingarfulltrúaembætti í Rangárvallasýslu.**
   Fyrir liggja frumdrög að stofnsamningi og samþykktum fyrir byggðasamlagið.
   Til kynningar. Oddvita falið að vinna áfram að málinu. Samþykkt samhljóða.
10. **Kostnaðaráætlun vegna flutnings hitaveitulagnar vegna færslu hringvegar um Hellu.**
    Til kynningar.
11. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
    - 11.1. Barnaheill, umsókn um styrk til greiðslu fasteignagjalda.
      Lagt er til að veita styrk sem nemur allt að 40% af álögðum fasteignaskatti á fasteignir Barnaheilla að Geldingalæk.
      Samþykkt samhljóða.

11.2. Golfklúbbur Hellu, beiðni um samstarf við vinnuskólann.
Tekið er jákvætt í erindið og sveitarstjóra falið að ljúka málinu. Samþykkt samhljóða.
11.3. Félag þjóðfræðinga, umsókn um styrk vegna landsbyggðaráðstefnu.
Erindinu er hafnað. Samþykkt samhljóða.

**12. Annað efni til kynningar:**

12.1. South Iceland ehf. aðfalfundur félagsins og breytingar á samþykktum.
12.2. Forvarnarhópur Rangárvallasýslu, minnisblað frá fundi 28. nóvember 2006.
12.3. Landsvirkjun, kynningarbréf til landeigenda, ábúenda og hagsmunaaðila við Neðri Þjórsá.
12.4. Félagsmálaráðuneytið, breytingar á reglum reikningsskila- og upplýsinganefndar.
12.5. Menntamálaráðuneytið, niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2006 og skýrsla um framkvæmd skólahalds í grunnskólum.
12.6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, beiðni um umsögn um takmarkanir á tóbaksreykingum.
12.7. Lánasjóður sveitarfélaga, tilkynning um hækkun vaxta.
12.8. Sigurður Kr. Sigurðsson, vegna Gilsbakka.
12.9. Þorkell Guðnason, vegna brúar við Þjórsárós.
12.10. Alþingi; umsögn um frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð
12.11. Alþingi; umsögn um þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum
12.12. Samband íslenskra sveitarfélaga; námsferðir á vegum sambandsins
12.13. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. **19:00**
Óli Már Aronsson, fundarritari.

## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

### Fundargerð

11. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 7. mars 2007, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar P. Guðbjörnsson, Gísli Stefánsson , Helga Fjóla Guðnadóttir, Sigfús Davíðsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.
Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.
Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, liður 7.6. verði; Nemendafélagið Mímir, Laugarvatni, beiðni um húsnæði fyrir leiksýningu, liður 8. verði; Fyrirspurnir frá B-lista í 2 liðum til kynningar. Aðrir liðir færast aftar sem þessu nemur.

1. **Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**

   1.1. Hreppsráð, 11. fundur, 22. febrúar 2007.
   Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

   1.2. Skipulags- og byggingarnefnd, 6. fundur, 22. febrúar 2007-03-05.
   Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

   1.3. Skólaskrifstofa Suðurlands, 92. fundur, 28. febrúar 2007.
   Til kynningar.

   1.4. Sorpstöð Suðurlands, 139. fundur, 22. febrúar 2007.
   Til kynningar.

2. **Landskipti, sala á landi og landskikum, breytingar á landnýtingu og stofnun lögbýla:**

   2.1. Svínhagi. Óskað er umsagnar um landskipti úr landi Svínhaga, landnúmer 164560 í 38.1 ha. lóð sem fær landnr. 210534 og heitið; Svínhagi HS14.
   Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

   2.2. Pula. Óskað er umsagnar um landskipti úr landi Pulu, landnúmer 202918 í 2 lóðir, 24,2 ha. landnr. lóðar; 208236 og 5,3 ha. lóð, landnr. 208237.
   Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

   2.3. Galtalækur. Óskað er umsagnar um landskipti úr landi Galtalækjar I, landnúmer 164973 í 23816 m2 lóð sem fær landnr. 207386 og heitið; Galtalækur lóð 1.
   Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

3. **Vegagerðin, samningur um kostnaðarskiptingu.**
   Lagður fram samningur um kostnaðarskiptingu á útboðsverki milli Vegagerðarinnar og Rangárþings ytra við gerð hringtorgs á Hellu, ásamt aðlögun gatna og lagna.
   Samningurinn er staðfestur. Samþykkt samhljóða.

4. **Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs., staðfesting samnings og skipan í stjórn.**
   Skrifað hefur verið undir stofnsamning og samþykktir fyrir nýtt byggðasamlag, "Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs." sem á að taka við öllum skipulags- og byggingarmálum í Rangárvallasýslu. Fyrirvari er um staðfestingu sveitarfélaganna þriggja á samningnum.

   ***B-listinn - Bókun vegna fyrirhugaðs byggðasamlags um skipulags- og byggingarmál.***
   *B-listinn getur ekki greitt atkvæði með stofnun byggðasamlags um skipulags- og byggingarmál í Rangávallasýslu miðað við framlögð gögn. Ástæðurnar eru eftirfarandi:*

   *a. Engin umræða hefur farið fram á sveitarstjórnarstiginu fram að þessu og er því tímasetningin mjög ótímabær.*
   *b. Engin fagleg umfjöllun hefur farið fram um málið.*
   *c. Eftirlitshlutverk sveitarfélagsins varðandi virkjanir í Þjórsá hefur ekki verið rætt. Hverju framkvæmdaleyfi fylgir eftirlitshlutverk sveitarfélagsins. Ekki ástæða að fara með inn í byggðasamlag.*
   *d. Engann veginn er tryggt að störf hjá byggðasamlaginu verði auglýst og þar af af leiðandi sitja íbúar í Rangárþingi ytra ekki við sama borð og aðrir í Rangárvallasýslu. Störf flytjast úr sveitarfélaginu.*

*B-listinn segir því nei við framlögðum stofnsamningi um byggðasamlag í skipulags- og byggingarmálum í Rangávallasýslu sem undirritað er nú þegar af oddvitum sveitarfélaganna þriggja, Ásahrepps, Rangárþngs eystra og Rangárþings ytra.*
*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Sigfús Davíðsson.*

***Bókun fulltrúa D-listans á 11. fundi hreppsnefndar þann 7. mars 2007 vegna bókunar fulltrúa B-listans um stofnun byggðasamlags um skipulags- og byggingafulltrúaembætti í Rangárvallasýslu.***

*Fulltrúar D-listans geta ekki tekið undir þær athugasemdir sem fram koma í bókun B-listans að neinu leiti þar sem þær eru tilhæfulausar og órökstuddar.*

*Varðandi fyrsta punkt í bókun fulltrúa B-listans verður að hafna því algerlega þar sem haldnir hafa verið fundir um þessi mál og sveitarstjórnarmenn fengu boðun á þá fundi, annarsvegar á Laugalandi og hinsvegar á Hvolsvelli.*

*Varðandi annan punkt í bókun fulltrúa B-listans. Helstu fagmenn á þessu sviði í sýslunni, skipulags- og byggingafulltrúar allra sveitarfélaganna höfðu frumkvæði að málinu og tóku virkan þátt í mótun þeirrar hugmyndar sem stofnun þessa byggðasamlags byggir á. Þeir skiluðu tillögu til sveitarstjórnanna á síðasta ári sem kynnt var á framangreindum fundum. Sú tillaga var einnig tekin til umfjöllunar hjá núverandi sveitarstjórn sl. sumar að viðstöddum fulltrúum B-listans.*

*Varðandi þriðja punkt í bókuninni teljum við ríka ástæðu til, að í sýslunni sé öflugt skipulag- og byggingarfulltrúaembætti til að takast á við þær gríðarlegu framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru við virkjanir í Neðri-Þjórsá og eins við framkvæmd ferjuhafnar í Bakkafjöru ásamt þeim miklu skipulags- og byggingarframkvæmdum sem verið hafa og fyrirsjáanlegar eru á næstu árum.*

*Varðandi fjórða punkt í bókuninni hlýtur það að vera eðlilegt að til starfa hjá embættinu verði ráðnir hæfustu einstaklingarnir hverju sinni. Rangárþing ytra mun eiga fulltrúa í stjórn og fulltrúar D-listans treysta því að stjórnin ráði fólk til starfa á faglegum forsendum hverju sinni.*

*Stefna D-listans er að bæta þessa þjónustu fyrir íbúa og aðra framkvæmdaaðlia í sveitarfélaginu. Stofnun byggðasamlagsins er ætluð til þess að efla fagmennsku og skilvirkni í afgreiðslu skipulags- og byggingarmála.*

*Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Gísli Stefánsson.*

Að loknum umræðum var stofnsamningur og samþykktir fyrir byggðasamlagið borin upp til atkvæða.
Samþykkt með 4 atkvæðum (D-listi), 3 á móti (B-listi).

5. **Hali og Hali II, vegna rotþróa.**
   Ábúendur í Hala og Hala II fara fram á að sveitarfélgið komi fyrir rotþróm við bæina leins og samþykkt var af hálfu Djúpárhrepps á sínum tíma.
   Erindið er samþykkt samhljóða og kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

6. **Tjörvastaðaheiði, skipulagsmál.**
   Fyrirspurn um hvort heimilt sé að deiliskipuleggja spildu og byggja sumarhús á Tjörvastaðaheiði.
   Sveitarstjórn áréttar að umrædd spilda er innan vatnsverndarsvæðis skv. gildandi aðalskipulagi og sér ekki fært að verða við erindinu.
   Samþykkt samhljóða.

7. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

   7.1. Trúnaðarmál. Fært í trúnaðarmálabók.

   7.2. Golfklúbbur Hellu, umsókn um styrk til greiðslu fasteignagjalda.
   Tekið er jákvætt í erindið varðandi aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi og sveitarstjóra falið að skoða málið og gera tillögu um styrk. Samþykkt samhljóða.

   7.3. NKG, beiðni um samstarf vegna nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda.
   Tillaga um að veita 20þús. kr. í verkefnið. Samþykkt samhljóða.

   7.4. Jón Ágúst Reynisson, beiðni um styrk til kaupa á veðurstöð.
   Erindinu er hafnað. Samþykkt samhljóða.

   7.5. Fræðslunet Suðurlands, vegna Vísinda- og rannsóknasjóðs FnS.
   Erindinu er hafnað. Samþykkt samhljóða.

   7.6. Nemendafélagið Mímir, Laugarvatni, beiðni um húsnæði fyrir leiksýningu.
   Tillaga um að verða við erindinu. Samþykkt samhljóða.

8. **Fyrirspurnir frá B-lista í 2 liðum til kynningar:**

   8.1. Fyrirspurn 1. Landsmót hestamanna verður haldið á Gaddstaðaflötum árið 2008.
   Hver er aðkoma sveitarfélagsins að undirbúningi landsmóts og hvar stendur málið?
   Hver er aðkoma sveitarfélagsins að undirbúningi byggingar reiðhallar og hvaða áform eru um rekstur á mannvirkinu?
   Hvaða faglega vinna er í gangi varðandi uppbyggingu Gaddstaðaflata?

8.2. Fyrirspurn 2. Umræða um framhaldsskóla í Rangárvallasýslu hefur gengið um samfélagið síðustu misserin. Hugmyndir meirihlutans sem heyrst hafa í því sambandi, svo sem umhverfisbraut, braut útivistar- og björgunarmála og hestabraut eru af hinu góða.
B-listinn fagnar þeim hugmyndum meirihlutans því þær eru eins og klipptar út úr stefnuskrá listans frá síðustu kosningum. Það er sama hvaðan gott kemur.
Hefur verið sett einhver vinna af stað á sýsluvísu og hvar stendur sú vinna?
Hver eru viðhorf ráðuneytis menntamála, viðhorf Fjölbrautarskólans á Suðurlandi, Menntaskólans á Laugarvatni?
Hefur staðsetning verið rædd og þá hvar?

Oddviti og sveitarstjóri gerðu munnlega grein fyrir málum varðandi fyrirspurnirnar og verður þeim svarað skriflega af þeirra hálfu á næsta hreppsráðs- eða hreppsnefndarfundi.

**9. Annað efni til kynningar:**

9.1. Leigutakar í Gaddstaðalandi, bréf.

9.2. Lögreglan á Hvolsvelli, vegna lista yfir skála á hálendinu.

9.3. Ásahreppur, vegna endurskoðunar nefndarlauna fyrir barnaverndarnefnd.

9.4. Umhverfisstofnun, 5 bréf.

9.5. Félagsmálaráðuneytið, vegna skila á fjárhagsáætlunum.

9.6. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

9.7. Kynning á tillögum um næstu skref við hönnun og framkvæmdir á hesthúsahverfi gegnt Gaddstaðaflötum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.
Óli Már Aronsson, fundarritari.

## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

### Fundargerð

11. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 7. mars 2007, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar P. Guðbjörnsson, ~~Sigurbjartur Pálsson~~, Helga Fjóla Guðnadóttir, ~~Ólafur E. Júlíusson~~, Guðfinna Þorvaldsdóttir og ~~Kjartan G. Magnússon~~. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.
Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.
Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, liður 7.6. verði; Nemendafélagið Mímir, Laugarvatni, beiðni um húsnæði fyrir leiksýningu, liður 8. verði; Fyrirspurnir frá B-lista í 2 liðum til kynningar. Aðrir liðir færast aftar sem þessu nemur.

**1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**

1.1. Hreppsráð, 11. fundur, 22. febrúar 2007.
Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

1.2. Skipulags- og byggingarnefnd, 6. fundur, 22. febrúar 2007-03-05.
Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

1.3. Skólaskrifstofa Suðurlands, 92. fundur, 28. febrúar 2007.
Til kynningar.

1.4. Sorpstöð Suðurlands, 139. fundur, 22. febrúar 2007.
Til kynningar.

**2. Landskipti, sala á landi og landskikum, breytingar á landnýtingu og stofnun lögbýla:**

2.1. Svínhagi. Óskað er umsagnar um landskipti úr landi Svínhaga, landnúmer 164560 í 38.1 ha. lóð sem fær landnr. 210534 og heitið; Svínhagi HS14.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

2.2. Pula. Óskað er umsagnar um landskipti úr landi Pulu, landnúmer 202918 í 2 lóðir, 24,2 ha. landnr. lóðar; 208236 og 5,3 ha. lóð, landnr. 208237.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

2.3. Galtalækur. Óskað er umsagnar um landskipti úr landi Galtalækjar I, landnúmer 164973 í 23816 m2 lóð sem fær landnr. 207386 og heitið; Galtalækur lóð 1.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

**3. Vegagerðin, samningur um kostnaðarskiptingu.**
Lagður fram samningur um kostnaðarskiptingu á útboðsverki milli Vegagerðarinnar og Rangárþings ytra við gerð hringtorgs á Hellu, ásamt aðlögun gatna og lagna.
Samningurinn er staðfestur. Samþykkt samhljóða.

**4. Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs., staðfesting samnings og skipan í stjórn.**
Skrifað hefur verið undir stofnsamning og samþykktir fyrir nýtt byggðasamlag, "Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs." sem á að taka við öllum skipulags- og byggingarmálum í Rangárvallasýslu.
Fyrirvari er um staðfestingu sveitarfélaganna þriggja á samningnum.

***B-listinn - Bókun vegna fyrirhugaðs byggðasamlags um skipulags- og byggingarmál.***
*B-listinn getur ekki greitt atkvæði með stofnun byggðasamlags um skipulags- og byggingarmál í Rangávallasýslu miðað við framlögð gögn. Ástæðurnar eru eftirfarandi:*

*a. Engin umræða hefur farið fram á sveitarstjórnarstiginu fram að þessu og er því tímasetningin mjög ótímabær.*
*b. Engin fagleg umfjöllun hefur farið fram um málið.*
*c. Eftirlitshlutverk sveitarfélagsins varðandi virkjanir í Þjórsá hefur ekki verið rætt. Hverju framkvæmdaleyfi fylgir eftirlitshlutverk sveitarfélagsins. Ekki ástæða að fara með inn í byggðasamlag.*
*d. Engann veginn er tryggt að störf hjá byggðasamlaginu verði auglýst og þar af af leiðandi sitja íbúar í Rangárþingi ytra ekki við sama borð og aðrir í Rangárvallasýslu. Störf flytjast úr sveitarfélaginu.*

*B-listinn segir því nei við framlögðum stofnsamningi um byggðasamlag í skipulags- og byggingarmálum í Rangávallasýslu sem undirritað er nú þegar af oddvitum sveitarfélaganna þriggja, Ásahrepps, Rangárþngs eystra og Rangárþings ytra.*
*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Sigfús Davíðsson.*

***Bókun fulltrúa D-listans á 11. fundi hreppsnefndar þann 7. mars 2007 vegna bókunar fulltrúa B-listans um stofnun byggðasamlags um skipulags- og byggingafulltrúaembætti í Rangárvallasýslu.***

*Fulltrúar D-listans geta ekki tekið undir þær athugasemdir sem fram koma í bókun B-listans að neinu leiti þar sem þær eru tilhæfulausar og órökstuddar.*

*Varðandi fyrsta punkt í bókun fulltrúa B-listans verður að hafna því algerlega þar sem haldnir hafa verið fundir um þessi mál og sveitarstjórnarmenn fengu boðun á þá fundi, annarsvegar á Laugalandi og hinsvegar á Hvolsvelli.*

*Varðandi annan punkt í bókun fulltrúa B-listans. Helstu fagmenn á þessu sviði í sýslunni, skipulags- og byggingafulltrúar allra sveitarfélaganna höfðu frumkvæði að málinu og tóku virkan þátt í mótun þeirrar hugmyndar sem stofnun þessa byggðasamlags byggir á. Þeir skiluðu tillögu til sveitarstjórnanna á síðasta ári sem kynnt var á framangreindum fundum. Sú tillaga var einnig tekin til umfjöllunar hjá núverandi sveitarstjórn sl. sumar að viðstöddum fulltrúum B-listans.*

*Varðandi þriðja punkt í bókuninni teljum við ríka ástæðu til, að í sýslunni sé öflugt skipulag- og byggingarfulltrúaembætti til að takast á við þær gríðarlegu framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru við virkjanir í Neðri-Þjórsá og eins við framkvæmd ferjuhafnar í Bakkafjöru ásamt þeim miklu skipulags- og byggingarframkvæmdum sem verið hafa og fyrirsjáanlegar eru á næstu árum.*

*Varðandi fjórða punkt í bókuninni hlýtur það að vera eðlilegt að til starfa hjá embættinu verði ráðnir hæfustu einstaklingarnir hverju sinni. Rangárþing ytra mun eiga fulltrúa í stjórn og fulltrúar D-listans treysta því að stjórnin ráði fólk til starfa á faglegum forsendum hverju sinni.*

*Stefna D-listans er að bæta þessa þjónustu fyrir íbúa og aðra framkvæmdaaðlia í sveitarfélaginu. Stofnun byggðasamlagsins er ætluð til þess að efla fagmennsku og skilvirkni í afgreiðslu skipulags- og byggingarmála.*
*Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Gísli Stefánsson.*

Að loknum umræðum var stofnsamningur og samþykktir fyrir byggðasamlagið borin upp til atkvæða.
Samþykkt með 4 atkvæðum (D-listi), 3 á móti (B-listi).

5. **Hali og Hali II, vegna rotþróa.**
   Ábúendur í Hala og Hala II fara fram á að sveitarfélgið komi fyrir rotþróm við bæina leins og samþykkt var af hálfu Djúpárhrepps á sínum tíma.
   Erindið er samþykkt samhljóða og kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

6. **Tjörvastaðaheiði, skipulagsmál.**
   Fyrirspurn um hvort heimilt sé að deiliskipuleggja spildu og byggja sumarhús á Tjörvastaðaheiði.
   Sveitarstjórn áréttar að umrædd spilda er innan vatnsverndarsvæðis skv. gildandi aðalskipulagi og sér ekki fært að verða við erindinu.
   Samþykkt samhljóða.

7. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

   7.1. Trúnaðarmál. Fært í trúnaðarmálabók.

   7.2. Golfklúbbur Hellu, umsókn um styrk til greiðslu fasteignagjalda.
   Tekið er jákvætt í erindið varðandi aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi og sveitarstjóra falið að skoða málið og gera tillögu um styrk. Samþykkt samhljóða.

   7.3. NKG, beiðni um samstarf vegna nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda.
   Tillaga um að veita 20þús. kr. í verkefnið. Samþykkt samhljóða.

   7.4. Jón Ágúst Reynisson, beiðni um styrk til kaupa á veðurstöð.
   Erindinu er hafnað. Samþykkt samhljóða.

   7.5. Fræðslunet Suðurlands, vegna Vísinda- og rannsóknasjóðs FnS.
   Erindinu er hafnað. Samþykkt samhljóða.

   7.6. Nemendafélagið Mímir, Laugarvatni, beiðni um húsnæði fyrir leiksýningu.
   Tillaga um að verða við erindinu. Samþykkt samhljóða.

8. **Fyrirspurnir frá B-lista í 2 liðum til kynningar:**

   8.1. Fyrirspurn 1. Landsmót hestamanna verður haldið á Gaddstaðaflötum árið 2008.
   Hver er aðkoma sveitarfélagsins að undirbúningi landsmóts og hvar stendur málið?
   Hver er aðkoma sveitarfélagsins að undirbúningi byggingar reiðhallar og hvaða áform eru um rekstur á mannvirkinu?
   Hvaða faglega vinna er í gangi varðandi uppbyggingu Gaddstaðaflata?

Þ. T. J.

8.2. Fyrirspurn 2. Umræða um framhaldsskóla í Rangárvallasýslu hefur gengið um samfélagið síðustu misserin. Hugmyndir meirihlutans sem heyrst hafa í því sambandi, svo sem umhverfisbraut, braut útivistar- og björgunarmála og hestabraut eru af hinu góða.
B-listinn fagnar þeim hugmyndum meirihlutans því þær eru eins og klipptar út úr stefnuskrá listans frá síðustu kosningum. Það er sama hvaðan gott kemur.
Hefur verið sett einhver vinna af stað á sýsluvísu og hvar stendur sú vinna?
Hver eru viðhorf ráðuneytis menntamála, viðhorf Fjölbrautarskólans á Suðurlandi, Menntaskólans á Laugarvatni?
Hefur staðsetning verið rædd og þá hvar?

Oddviti og sveitarstjóri gerðu munnlega grein fyrir málum varðandi fyrirspurnirnar og verður þeim svarað skriflega af þeirra hálfu á næsta hreppsráðs- eða hreppsnefndarfundi.

**9. Annað efni til kynningar:**

9.1. Leigutakar í Gaddstaðalandi, bréf.

9.2. Lögreglan á Hvolsvelli, vegna lista yfir skála á hálendinu.

9.3. Ásahreppur, vegna endurskoðunar nefndarlauna fyrir barnaverndarnefnd.

9.4. Umhverfisstofnun, 5 bréf.

9.5. Félagsmálaráðuneytið, vegna skila á fjárhagsáætlunum.

9.6. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

9.7. Kynning á tillögum um næstu skref við hönnun og framkvæmdir á hesthúsahverfi gegnt Gaddstaðaflötum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.
Óli Már Aronsson, fundarritari.

## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

12. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 22. mars 2007, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Gísli Stefánsson, Ólafur E. Júlíusson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Kjartan G. Magnússon. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.
Borin upp tillaga um breytingar á dagskrá, við bætast: liður 1.9.; Félagsmálanefnd; 11. fundur, 13. mars 2007, liður 1.10.; Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 7. fundur, 15. mars 2007, liður 2.1.; Múli á Landi, liður 2.2.; Svínhagi, liður 2.3.; Helluflugvöllur, liður 2.4.; Ketilhúshagi, liður 2.5.; Þjóðólfshagi I, liður 10.; Hesthúsahverfi gengt Gaddstaðaflötum, liður 11.; Umsókn um skólavist, ; liður 12,; Fyrirspurn frá B-lista; ráðning fjármálastjóra og íþrótta- og æskulýðsfulltrúa, liður 13.; Svör við fyrirspurnum B-lista á 11. fundi hreppsnefndar, 7.3.2007, um framhaldsskóla og reiðhöll, liður 14.; Eignaumsjón; fjárfestingar í tækjum og búnaði, liður 15.; Umsögn sveitarfélagsins um landskipti í Háfshverf, liður 16.; Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar, umsókn um leyfi til keppnishalds, liður 17.1.; Árni Páll Jóhannsson, vegna fasteignagjalda, liður 17.2.; Hestamannafélagið Geysir, reiðveganefnd, framlög til reiðvegagerðar, liður 17.11.; Skálholtskór, umsókn um styrk, Aðrir liðir færast aftar sem því nemur.
Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**

1.1. Skipulags- og byggingarnefnd, 7. fundur, 19. mars 2007.
Áréttuð er bókun Skipulags- og byggingarnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 – 2016:
Varðandi grein 3.1.2
**Til samræmis við staðfest aðalskipulag Rangárþings ytra þá á yfirborð Árnesslóns að vera 71 m.**
**Jafnframt má sjá það nokkuð víða að misræmis gætir í landamörkum milli Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem nauðsynlegt er að leiðrétta**
Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

1.2. Íþrótta- og æskulýðsnefnd, 4. fundur. 12. mars 2007.
Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

1.3. Sameiginleg barnaverndarnefnd, 6. fundur, 21. febrúar 2007.
Til kynningar.

1.4. Vinnuhópur um samræmingu félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 5. mars 2007.
Sveitarstjórn samþykkir tillögur vinnuhópsins um sameiginlega félagsmálanefnd fyrir svæðið og felur sveitarstjóra að vinna áfram að málinu.
Samþykkt samhljóða.

1.5. SASS, 401. fundur, 7. mars 2007.
Til kynningar.

1.6. Heilbrigðisnefnd Suðurlands. 97. fundur, 6. mars 2007.
Til kynningar.

1.7. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 265. fundur. 2. mars 2007.
Til kynningar.

1.8. Samband íslenskra sveitarfélaga, 741. fundur, 23. febrúar 2007.
Til kynningar.

1.9. Félagsmálanefnd; 11. fundur, 13. mars 2007.
Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

1.10. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 7. fundur, 15. mars 2007.
Til kynningar.

**2. Landskipti, sala á landi og landskikum, breytingar á landnýtingu og stofnun lögbýla:**

2.1. Múli á Landi.
Helgi S. Gunnarsson f.h. eigenda að Múla á Landi óskar umsagnar um að skipta 9 lóðum úr landi Múla.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

2.2. Svínhagi.
Georg G. Hauksson, f.h. Orustuhóls kt.: 460603-2340 óskar umsagnar um samruna 8 spildna með landnr. 196035 til

196042, í Landi Svínhaga í eina spildu með landnr. 196037.
Ekki er gerð athugasemd við samruna lóðanna. Samþykkt samhljóða.

2.3. Helluflugvöllur.
Jósep Benediktsson f.h. Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459, óskar umsagnar um skiptingu lóðar m. landnr. 211130 að stærð 600m2 úr landi með landnr. 164955 á Helluflugvelli.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

2.4. Ketilhúshagi.
Ásgeir Jónsson f.h. Fjársýslu ríkisins, kt. 540269-7509, óskar umsagnar um skiptingu lóðar m. landnr. 197799 úr landi með landnr. 164525 í Ketilhúshaga.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

2.5. Þjóðólfshagi I.
Sigurður Ragnarsson f.h. Sigurðar Sigurðarsonar, kt. 060169-3739, óskar umsagnar um skiptingu lóðar m. landnr. 204552 úr landi með landnr. 165164 í Þjóðólfshaga I.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

3. **Ævintýraland, erindi um leigu á húsnæði.**
Sumarbúðirnar Ævintýraland óska eftir að fá á leigu húsnæði yfir sumartímann fyrir um 80 börn og hluta starfsfólks.
Erindinu er vísað til sveitarstjóra til frekari úrlausnar og afgreiðslu. Samþykkt samhljóða

4. **Linda Bentsdóttir, erindi um nýtingu og skipulagningu landspildu í Hvammi III Landsveit.**
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um þá ætlan að byggja 200fm. heilsárshús, hesthús, ofl. við bakka Þjórsár.
Sveitarstjóra er falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.

5. **Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs., skipan í stjórnir.**
Tilnefndir eru:
1 maður í stjórn, Örn Þórðarson og Sigurbjartur Pálsson til vara.
3 menn í byggingarnefnd, Sigurbjartur Pálsson, Guðjón Sigurðsson og Sigfús Davíðsson.
Til vara: Valmundur Gíslason, Þórhallur Jón Svavarsson og Ólafur E. Júlíusson.

6. **3ja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.**
Sveitarstjóri lagði fram og kynnti áætlunina.
Fjárhagsáætlun rædd og vísað til síðari umræðu, sem ákveðin er 4. april, 2007.

7. **Stækkun friðlands í Þjórsárverum.**
Tillögur lagðar fram frá starfshópi sem var skipaður 22. nóvember, 2006, af umhverfisráðherra.
Tillögurnar gera m.a.ráð fyrir að friðlandið stækki úr 353,3 km2 í 1041,1 km2.
Þorgils Torfi sem átti sæti í starfshópnum fór stuttlega yfir tillögurnar og kynnti þær.
Til kynningar.

8. **Lánasjóður sveitarfélaga, tilnefning fulltrúa sem fer með atkvæðisrétt.**
Örn Þórðarson er tilnefndur. Samþykkt samhljóða

9. **Kaup á landi.**
Oddviti fer fram á formlega heimild til að leita eftir mögulegum kaupum á landi í nágrenni við Hellu.
Samþykkt samhljóða.

10. **Hesthúsahverfi gegnt Gaddstaðaflötum**
Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir afstöðu hreppsnefndar varðandi útboð á gatnagerð og lögnum í nýju hesthúsahverfi gegnt Gaddstaðaflötum.
Heimilað er að bjóða út gatnagerð og lagnir fyrir 9 lóðir í suðvesturhorni hverfisins. Samþykkt samhljóða

11. **Umsókn um skólavist.**
Beiðni um skólavist í Grunnskólanum á Hellu f. 2 einstaklinga, RGG. kt. 040199-2759 og IÓI. kt. 160393-2549 utan lögheimilissveitarfélags frá Ísafjarðarbæ.
Beiðnin er samþykkt gegn greiðslu viðmiðunargjalds og annars kostnaðar sem til fellur. Samþykkt samhljóða.

12. **Fyrirspurnir frá B-lista; ráðning fjármálastjóra og íþrótta- og æskulýðsfulltrúa.**
Fyrirspurnirnar fara hér á eftir og svör frá sveitarstjóra inn á milli. Þær eru undirritaðar af Guðfinnu Þorvaldsdóttur, Ólafi Júlíussyni og Kjartani Magnússyni.
***Hver er starfslýsing fjármálastjóra?***
*Svar: Meginverkefni fjármálastjóra munu verða fjármálastjórnun, áætlanagerð, eftirfylgni áætlana, einnig mun fjármálastjóri rita fundargerðir sveitarstjórnar, undirbúa fundi og fylgja eftir afgreiðslu erinda sem sveitarstjórn berast. Að öðru leyti vísast í lýsingu frá launanefnd sveitarfélaga; Ístarf 1120.07.*
***Hver eru laun fjármálastjóra?***
*Svar: Fjármálastjóri tekur laun skv. launflokki 172-5 og eru mánaðarlaun í dag kr. 332.779,-*
***Hvaða verkefni tekur fjármálastjóri yfir frá öðrum starfsmönnum?***
*Svar: Fjármálastjóri tekur að meginhluta yfir verkefni sem úthýst hefur verið.*

***Hvernig breytast starfslýsingar þeirra starfsmanna sem fjármálastjórinn léttir störfin og hver verða laun þeirra starfsmanna eftir ráðningu fjármálastjóra?***
*Svar: Á ekki við (sjá ofan).*
***Hvenær áætlar sveitarstjóri að auglýsa stöðu íþrótta- og menningarfulltrúa?***
*Svar: Ásahreppur hefur óskað eftir aðkomu að verkefni um rekstur íþrótta- og menningarfulltrúa/forvarnarfulltrúa. Engin ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu í umrætt starf.*
*Virðingarfyllst, Hellu, 22. mars, 2007, Örn Þórðarson.*

*13.* **Svör við fyrirspurnum B-lista á 11. fundi hreppsnefndar, 7.3.2007, um framhaldsskóla og reiðhöll.**
*Fyrirspurn 1. Landsmót hestamanna verður haldið á Gaddstaðaflötum árið 2008.*
*Hver er aðkoma sveitarfélagsins að undirbúningi landsmóts og hvar stendur málið núna?*
***Svar:** **Undirbúningur á Gaddstaðaflötum fyrir landsmót er í höndum hestamanna og samtaka þeirra, með aðkomu Rangárbakka ehf. sem eigandi og rekstraraðili íþróttasvæðisins á Gaddstaðaflötum (landsmótssvæðinu). Sveitafélagið hefur engu að síður hafið skoðun á almennum undirbúningi fyrir landsmótið, en sá undirbúningur lýtur í meginatriðum að því að skapa nauðsynlega og hagstæða umgjörð í nágrenni mótsins.***
*Hver er aðkoma sveitarfélagsins að undirbúningi reiðhallar og áform um rekstur hennar?*
***Svar:** **Sveitarfélagið hefur aðkomu að verkefninu með Héraðsnefnd, en beiðni frá Hestamannafélaginu Geysi um sameiginlegan fulltrúa sveitarfélaganna í sýslunni í byggingarnefnd reiðhallar var vísað þangað. Fulltrúar D-listans lögðu þar til að Héraðsnefndin skipaði Guðmund Einarsson Ægissíðu V í nefndina, sem var samþykkt. Einnig eru í nefndinni Sigurður Sæmundsson Holtsmúla fulltrúi Rangárbakka ehf. og Kristinn Guðnason Árbæjarhjáleigu fulltrúi Geysis. Vinna nefndarinnar við undirbúning er komin vel áleiðis og má vænta kynningar niðurstaðna á næstu vikum. Áformað er að rekstur mannvirkisins styðji frekari uppbyggingu á hestamennsku og hrossarækt á svæðinu.***
*Hvaða faglega vinna er í gangi við uppbyggingu Gaddstaðaflata?*
***Svar:** **Rangárbakkar ehf. er ábyrgðaraðili og eigandi svæðisins og fagleg uppbygging fer fram innan félagsins. Að Rangárbökkum ehf. standa átta hestamannafélög á suðurlandi, sem eru Geysir, Sleipnir, Smári, Logi, Trausti, Ljúfur, Kópur og Sindri, auk sveitarfélaga á Suðurlandi.***
*Fyrirspurn 2. Umræða um framhaldsskóla í Rangárvallasýslu hefur gengið um samfélagið síðustu misserin.*
*Hefur verið sett einhver vinna af stað á sýsluvísu og hvar stendur sú vinna?*
***Svar:** **Sveitarstjórn hóf vinnu við undirbúning að stofnun framhaldsskóla síðastliðið haust. Farið var í skoðunarferð í Grundarfjörð þar sem Fjölbrautarskóli Snæfellinga var heimsóttur og rætt var við þá aðila sem stóðu að undirbúningi framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Með í ferðinni voru fulltrúar Ásahrepps. Í framhaldinu kom Rangárþing eystra að verkefninu og undirbúningur var unninn áfram á sýsluvísu. Skipaður var þriggja manna vinnuhópur á vegum Héraðsnefndar með sveitarstjórum Rangárþings eystra og ytra, ásamt oddvita Ásahrepps. Með vinnuhópnum unnu jafnframt oddvitar Rangárþings eystra og ytra. Heimsóttir voru starfandi framhaldsskólar á Suðurlandi, Fjölbrautarskóli Suðurlands á Selfossi, Menntaskólinn á Laugarvatni og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum og rætt var við forsvarsmenn skólanna um hugsanlegt samstarf. Einnig voru Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og ráðgjafi frá ráðgjafafyrirtækinu Alta fengin til að gera greinargerð um málið og var henni skilað á fundi með menntamálaráðherra 21. febrúar sl. ásamt formlegu erindi frá sveitarfélögunum um áhuga á stofnun framhaldsskóla í Rangárvallasýslu.***
*Hver eru viðhorf ráðuneytis menntmála, viðhorf Fjölbrautarskólans á Suðurlandi og Menntaskólans á Laugarvatni?*
***Svar:** **Viðhorf menntamálaráðherra og starfsmanna ráðuneytisins voru jákvæð. Sérfræðingar ráðuneytisins eru þessa dagana að fara yfir forsendur málsins. Forsvarsmenn Fjölbrautarskóla Suðurlands og Menntaskólans á Laugarvatni voru einnig jákvæðir í garð hugmynda um stofnun framhaldsskóla í Rangárvallasýslu og sama gildir um Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. Hugmyndum um samstarf af einhverjum toga var einnig vel tekið.***
*Hefur staðsetning verið rædd og þá hvar?*
***Svar:** **Já, staðsetning hefur verið rædd og er talið að staðsetning framhaldsskóla í Rangárvallasýslu sé best komið annað hvort í þéttbýlinu á Hellu eða Hvolsvelli. Teljum við að meiri rök liggi að því að framhaldsskólinn verði á Hellu og er samstaða í nefndinni um þá staðsetningu. Því var komið á framfæri við menntamálaráðherra þegar greinargerðin var afhent.***
***Meðfylgjandi er greinargerðin sem afhent hefur verið menntamálaráðherra.***
***Þá viljum við koma því á framfæri að mikill einhugur og góð samstaða er á milli allra sem unnið hafa að málinu, enda á málefnið sér langan aðdraganda og getur því gengið hratt og vel fram.***
*Hellu, 22. mars 2007, Þorgils Torfi Jónsson oddviti, Örn Þórðarson sveitarstjóri.*

14. **Þjónustumiðstöð; fjárfestingar í tækjum og búnaði**
Beiðni frá þjónustumiðstöð um að fá að fjárfesta í tækjum og búnaði fyrir kr. 5.330.000.-.
Beiðnin er samþykkt og vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2007.
Samþykkt samhljóða

15. **Umsögn sveitarfélagsins um landskipti í Háfshverfi**
Sveitarstjóra falið að svara erindinu og kynna álit lögmanns Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Samþykkt samhljóða.

16. **Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar, umsókn um leyfi til keppnishalds.**
Um er að ræða "Enduro" vélhjólakeppni á torfærusvæði FBSH.
Sveitarstjórn fellst á útgáfu leyfisins. Samþykkt samhljóða.

17. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

17.1. Árni Páll Jóhannsson, vegna fasteignagjalda.
ÁPJ óskar eftir að Hellubíó verði skráð sem menningarhús og óskar einnig eftir verulegri lækkun á fasteignagjöldum meðan á endurbótum hússins stendur.
Erindinu er hafnað. Samþykkt samhljóða.

17.2. Hestamannafélagið Geysir, reiðveganefnd, framlög til reiðvegagerðar.
Óskað er eftir styrk frá sveitarfélögum til reiðvegagerðar á móti framlagi LH.
Lagt er til að veita 1 milljón kr. styrk á árinu. Vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða.

17.3. Hestamannafélagið Geysir / Rangárbakkar, vegna reiðhallar.
Formaður byggingarnefndar reiðhallar og formaður Geysis óska eftir viðbrögðum sveitarfélaga um hugsanlega fjármögnun reiðhallar á Gaddstaðaflötum.
Erindið er þakkað og tekið jákvætt í það, en jafnframt er talið eðlilegast að vinna málið áfram í héraðsnefnd og er erindinu því vísað þangað. Samþykkt samhljóða.

17.4. Skógræktarfélag Rangæinga, beiðni um aðstoð vinnuskólans.
Tekið er jákvætt í erindið og sveitarstjóra falið að afgreiða málið með sambærilegum hætti og undanfarin ár.
Samþykkt samhljóða.

17.5. Þröstur Sigfússon, vegna skátastarfs.
Beiðni frá skátastarfi Royal Rangers um að aðstöðugjald á tjaldstæði í Þykkvabæ verði fellt niður dagana 18. – 22. júní, 2007.
Sveitarstjóra er falið gera tillögur í málinu. Samþykkt samhljóða.

17.6. Eignarhaldsfélag Suðurlands, aðalfundur.
Fundurinn verður haldinn á Selfossi, 28. mars 2007.
Sigurbjarti Pálssyni falið að fara með umboð á fundinn. Samþykkt samhljóða.

17.7. Samband íslenskra sveitarfélaga, XXI landsþing.
Til kynningar.

17.8. Norræna ráðherranefndin ofl., ráðstefna um strauma og stefnur í félagslegri þjónustu.
Til kynningar.

17.9. Íslenskar orkurannsóknir, ársfundur.
Til kynningar.

17.10. Landmótun; opnum útibús á Laugalandi í Holtum.
Til kynningar.

17.11. Skálholtskór, umsókn um styrk
Erindinu hafnað. Samþykkt samhljóða.

18. **Annað efni til kynningar:**

18.1. Málflutningsskrifstofan, uppgjör á vangoldnum fasteignagjöldum.

18.2. SASS; Menningarsamningur Suðurlands, drög.

18.3. Margrét Eggertsdóttir; Hálendismál og hálendisnefnd.

18.4. Brunamálastofnun; Samstarf sveitarfélaga í brunamálum.

18.5. Vinnumálastofnun; Þjónusta við atvinnuleitendur.

18.6. Félagsmálaráðuneytið; Uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði 2006.

18.7. Menntamálaráðuneytið; Kynning á námskrárdrögum.

18.8. Rangárþing eystra; Sameiginleg félagsmálanefnd.

18.9. Félag leikskólakennara; Greinargerð um leikskólabyggingar.

18.10. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:40.

Óli Már Aronsson, fundarritari.

## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

13. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 4. apríl 2007, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Kjartan G. Magnússon. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.
Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, við bætast: Viðauki við lið nr. 5.; ráðning afleysingamanns, liður 15.; tónlistarskólavist. Aðrir liðir færast aftar sem því nemur.
Samþykkt samhljóða.

1. **Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**

   1.1. Umhverfisnefnd, 5. fundur, 28. mars 2007.
   Til kynningar. Afgreiðslu frestað. Samþykkt samhljóða.

   1.2. Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs. 1. fundur stjórnar, 28. mars 2007.
   Til kynningar.

   1.3. Sorpstöð Suðurlands, 140. fundur, 26. mars 2007.
   Til kynningar.

   1.4. Skólaskrifstofa Suðurlands, 93. fundur, 28. mars 2007.
   Til kynningar.

   1.5. Skipulags- og byggingarnefnd, 8. fundur, 3. apríl 2007.
   Staðfest. Samþykkt samhljóða.

2. **Landskipti, sala á landi og landskikum, breytingar á landnýtingu og stofnun lögbýla:**

   2.1. Stóru Vellir.
   Óskað er umsagnar sveitarstjórnar á samruna 2ja spildna úr landi Stóru-Valla. Um er að ræða 31.7 ha. spildu m. landnr. 2000046 sem verði sameinuð 100 ha. spildu með landnr. 205461 í nýja spildu með landnr. 205461.
   Ekki er gerð athugasemd við samrunann. Samþykkt samhljóða.

   2.2. Minna Hof.
   Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um að úr jörðinni Minna Hofi verði skipt 2 spildum að stærð 15 ha., annars vegar og 3.3 ha. hins vegar.
   Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Sveitarstjóra falið að svara erindinu að öðru leyti. Samþykkt samhljóða.

   2.3. Uxahryggur II.
   Óskað er umsagnar sveitarstjórnar vegna skiptingar og sölu á 2 spildum úr landi Uxahryggjar II, landnr. 164562, annars vegar 29385 m2 spildu með landnr. 211028 og 21231 m2 með landnr. 211029.
   Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

   2.4. Haukadalur.
   Óskað er umsagnar sveitarstjórnar vegna skiptingar spildu með landnr. 206925 að stærð 44.6 ha. í 2 lóðir að stærð 22.3 ha. hvor með landnr. 210910 og 210911.
   Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

3. **Leiga á húsnæði Grunnskólans á Hellu.**
   Sumarbúðirnar Ævintýraland óska eftir húsnæði til leigu fyrir sumarbúðir barna í 9-10 vikur yfir sumarið og hafa verið í viðræðum við sveitarstjóra um skólahúsnæði í sveitarfélaginu.
   Tekið er jákvætt í að skoða erindið, sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og koma með tillögur. Samþykkt samhljóða.

4. **Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs., skipting framlaga 2007.**
   Í bráðabirgðaskiptingu framlaga fyrir árið 2007, er lagt til að framlag Rangárþings ytra verði kr. 552.135.- á mánuði og stofnframlag kr. 1.355.240.-
   Samþykkt samhljóða.

5. **Garðyrkjustjóri, skrúðgarður og moldargeymsla. Ráðning afleysingamanns.**
   Garðyrkjustjóri fer fram á skoðun á því hvort til greina komi að koma á vísi að skrúðgarði við Nes og jafnframt að fá bragga sem þar stendur fyrir moldargerð- og geymslu. Einnig er til umfjöllunar tillaga að auglýsingu fyrir afleysingar í starf garðyrkjustjóra næstu 11 mánuði.

Tekið er jákvætt í hugmyndir og tillögur garðyrkjustjóra um skrúðgarð og moldargeymslu. Samþykkt að ráða afleysingarmann vegna fæðingarorlofs garðyrkjustjóra. Samþykkt samhljóða.

6. **3ja ára fjárhagsáætlun, síðari umræða.**
Áætlunin gerir ráð fyrir 1% árlegri hækkun tekna og gjalda frá fjárhagsáætlun 2007. Reiknað er með 5% hækkun fasteignaskatts og útsvars á árinu 2008, síðan 1% hækkun á árunum 2009 og 2010. Áætlað er að nota 346 milljónir kr. til framkvæmda og fjárfestinga.
Áætlunin borin upp og samþykkt með 4 atkvæðum D-lista, 3 sitja hjá af B-lista.

7. **Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf., forkaupsréttur.**
Borist hefur kauptilboð í hlutabréf í verksmiðjunni og eru hluthafar beðnir að greina frá því hvort þeir vilja nýta forkaupsrétt sinn.
Sigurbjartur Pálsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna vanhæfis.
Forkaupsrétti er hafnað. Samþykkt samhljóða.

8. **Hekla, handverkshópur, upplýsingamiðstöð ferðamála.**
Handverkshópurinn óskar eftir að upplýsingamiðstöð ferðamála verði staðsett í handverkshúsinu að Þrúðvangi 39. Sveitarstjórn telur sér ekki fært að verða við erindinu og leggur til að fyrirkomulagið verði með sambærilegum hætti og á síðasta ári. Samþykkt samhljóða.

9. **Haukadalsmelur, deiliskipulagsbreyting.**
Óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar á nýju deiliskipulagi fyrir Haukadalsmel.
Samþykkt samhljóða.

10. **Galtalækur, Framheiði, deiliskipulagsbreyting.**
Óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar á nýju deiliskipulagi að Galtalæk, Framheiði.
Samþykkt samhljóða.

11. **Ölvisholt, aðalskipulagsbreyting.**
Óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til aðalskipulagsbreytingar í landi Ölvisholts.
Samþykkt samhljóða.

12. **Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, tilnefning fulltrúa í samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar.**
Örn Þórðarson er tilnefndur. Samþykkt samhljóða.

13. **Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, skipan fulltrúa í almannavarnarnefnd.**
Örn Þórðarson er tilnefndur sem aðalmaður og Þorgils Torfi Jónsson til vara. Samþykkt samhljóða.

14. **Trúnaðarmál.**
Fært í trúnaðarmálabók.

15. **Tónlistarskólavist.**
Sótt er um vilyrði fyrir því að Rangárþing ytra greiði kostnað við skólavist í Tónlistarskóla Reykjavíkur utan almennra skólagjalda sem nemandi greiðir.
Afgreiðslu frestað og sveitarstjóra falið að vinna að málinu. Samþykkt samhljóða.

16. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

16.1. Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf., aðalfundur 2007.
Erni Þórðarsyni er falið að fara með atkvæði Rangárþings ytra á aðalfundinum. Samþykkt samhljóða.

16.2. Félag íslenskra uppeldisstofnana fyrir börn og unglinga, málþing um "Olnbogabörn skólasamfélagsins".
Til kynningar.

17. **Annað efni til kynningar:**

17.1. Skaftárhreppur, sameiginleg félagsmálanefnd.

17.2. Samgöngunefnd, uppsetning auglýsingaskilta.

17.3. Ásahreppur, sameginleg félagsmálanefnd.

17.4. Rauði kross Íslands, útgáfa blaðs.

17.5. Félagsmálaráðuneytið, jöfnunarsjóður sveitarfélaga, framlög til nýbúafræðslu.

17.6. Menntamálaráðuneytið, breytingar á grunnskólalögum.

17.7. Héraðssambandið Skarphéðinn, bréf til sveitastjórna á sambandssvæði HSK.

17.8. Þjóðskrá, lögheimilisskráning vegna kosninga til Alþingis.

17.9. Lánasjóður sveitarfélaga, tilkynning um eignarhluti.

17.10. Varasjóður húsnæðismála, úthlutun vegna félagslegra íbúða 2006.

17.11. Skipulagsstofnun, breyting á aðalskipulagi í landi Múla.

17.12. Þröstur Sigurðsson, málefni hestamanna.

17.13. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Óli Már Aronsson, fundarritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**14. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 9. maí 2007, kl. 16:00.**

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Þórhallur Svavarsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Sigfús Davíðsson Sigurbjartur Pálsson, Kjartan Magnússon, Ólafur Elvar Júlíusson. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri , Indriði Indriðason, fjármálastjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð. Bjarni Matthíasson, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar, situr fundinn fram yfir lið 4.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.
Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, liður 13. verði; Lundur hjúkrunarheimili, rekstur Lundar, liður 14. verði; Veiðifélag Rangárvallaafréttar, vegna grisjunar, liður 15.7. verði; Sunnlensk þekking, kynningarfundur, liður 16.7. verði; Markaðsstofa Suðurlands, útgáfa jöfnunarhlutabréfa, liður 16.8. verði; Garðyrkjustjóri, tunnuvæðing, liður 16.9. verði; Fjarskiptasjóður, staða verkefna. Aðrir liðir færast aftar sem þessu nemur.

1. **Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**
   - 1.1. Hreppsráð, 12. fundur, 26. apríl 2007.
     Staðfest. Samþykkt samhljóða.
   - 1.2. Eignaumsjón, 3. fundur, 16. apríl 2007.
     Staðfest. Samþykkt samhljóða.
   - 1.3. Íþrótta- og æskulýðsnefnd, 5. fundur, 24. apríl 2007.
     Staðfest. Samþykkt samhljóða.
   - 1.4. Samráðsnefnd um íþrótta- og forvarnarverkefni í Rangárþingi, 1. fundur, 25. apríl 2007.
     Staðfest. Samþykkt samhljóða.
   - 1.5. Byggingarnefnd Rangárþings bs., kynnningarfundur, 25. apríl 2007. Til kynningar.
   - 1.6. Byggingarnefnd Rangárþings bs., 1. fundur 3. maí 2007.
     Staðfest. Samþykkt samhljóða.
   - 1.7. Sameiginleg barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 9. fundur, 11. apríl 2007. Til kynningar.
   - 1.8. Skólaskrifstofa Suðurlands, 94. fundur, 25. apríl 2007. Til kynningar.
   - 1.9. SASS, 402. fundur, 20. apríl 2007. Til kynningar.
2. **Landskipti, sala á landi og landskikum, breytingar á landnýtingu og stofnun lögbýla:**
   - 2.1. Gröf. Óskað er eftir breytingu á skipulagi 5 ha. lóðar úr landi Grafar, landnr. 164494, þannig að heimiluð verði landbúnaðarnot í stað frístundabyggðar á lóðinni. Jafnframt er óskað eftir heimild til að byggja 6 kjúklingahús á lóðinni, hvert að stærð 800 – 1000 fm. Verði þetta ekki heimilað er óskað eftir annarri lóð sem gæti hentað til þessara nota.
     Hugmyndum um kjúklingaframleiðslu í næsta nágrenni við frístundabyggð er hafnað, en sveitarstjóra falið leita annarrar staðsetningar í samráði við umsækjanda. Samþykkt samhljóða.
   - 2.2. Hvammur 3. Óskað er eftir umsögn hreppsnefndar um stofnun lögbýlis á 25,6 ha. landspildu úr jörðinni Hvammur 3. Landnr. spildunnar er 198023.
     Ekki er gerð athugasemd við stofnun lögbýlisins. Samþykkt samhljóða.
3. **Vegagerðin Suðursvæði, verksamningur.**
   Lagður fram verksamningur milli Vegagerðarinnar sem verkkaupa og Þjótanda ehf. sem verktaka um hringtorg á Hellu. Til kynningar.
4. **Sundlaug á Hellu.**
   Bjarni Matthíasson, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar kynnti mismunandi útfærslur og leiðir til úrbóta og viðbóta við búnað og umhverfi sundlaugar á Hellu.
   Í tilefni af 80 ára afmæli byggðar á Hellu er gerð tillaga um að komið verði upp vatnsrennibrautum, heitum pottum og tilheyrandi búnaði fyrir allt að kr. 42 milljónir. Áætlaður kostnaður á árinu 2007 er kr. 25 millj. sem er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða.
5. **Fjármálastjóri Rangárþings ytra.**
   Indriði Indriðason fór yfir starfsaðferðir við fjármálastjórn. Til kynningar.
6. **Green Globe 21.**
   Staða verkefnisins kynnt.
   Tillaga um að hætta þátttöku í verkefninu. Samþykkt samhljóða.
7. **Kaup á landi,** með vísan í 9. lið 12. fundar hreppsnefndar, 22. mars 2007.
   Lögð fram nokkur bréf frá sveitarstjórn Rangárþings ytra til Landgræðslunnar og Flugmálastjórnar, undirrituð af oddvita, þar sem óskað er eftir að kaupa land í nágrenni Hellu og viðhorfum þessara stofnana til málsins. Til kynningar.

8. **Kaup á fasteign.**
Lagt fram kauptilboð í hluta fasteignarinnar Þrúðvangs 10 á Hellu. Tillaga um að kaupa fasteignina á 13,8 millj. kr. Samþykkt með 4 atkvæðum, 3 sátu hjá, ÓEJ, KGM, SD.
9. **Sala á lóð.**
Eigendur fasteignarinnar Tjarnarbakka í Þykkvabæ, óska eftir að fá keypta lóð sem húsið stendur á.
Tekið er vel í erindið og sveitarstjóra falið að gera tillögu um stærð lóðar og verð. Samþykkt samhljóða.
10. **Afmælisnefnd – Hella 80 ára.**
Ákveðið er að skipuð verði 3ja manna afmælisnefnd á næsta hreppsráðsfundi og sveitarstjóra falið að vinna með henni. Samþykkt samhljóða.
11. **Kortagerð.**
Leitað eftir heimild til uppfærslu og prentunar á þjónustukorti fyrir Rangárþing og Mýrdal. Hlutur Rangárþings ytra er allt að kr. 330.000.-. Samþykkt samhljóða.
12. **Lögmenn Árborg, vegna höfnunar byggingarleyfis.**
Beðið er um breytingu á ákvörðun eða rökstuðning fyrir synjun skipulags- og byggingarfulltrúa á leyfi til að byggja einnar hæðar hús að Hólavangi 3, Hellu.
Sveitarstjóra er falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.
13. **Lundur hjúkrunarheimili, rekstur Lundar.**
Greinargerð frá hjúkrunarforstjóra Lundar um fjárhagsstöðuna og beiðni um aðstoð sveitarfélaganna.
Sveitarstjóra falið að ræða málið við oddvita Ásahrepps. Samþykkt samhljóða.
14. **Veiðifélag Rangárvallaafréttar, vegna grisjunar.**
Veiðifélagið fer fram á styrk að upphæð 200 þús. kr. til áframhaldandi grisjunar sem talin er vera farin að skila árangri. Tillaga um að verða við erindinu. Samþykkt samhljóða.
15. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
    15.1. Ráðstefnan „Hálendi hugans", styrkumsókn.
    Tillaga um að styrkja ráðstefnuna um kr. 100 þús. kr. Samþykkt samhljóða.
    15.2. Tónleikaröðin „Sumar í Odda", styrkumsókn.
    Tillaga um að styrkja verkefnið um kr. 100 þús. kr. Samþykkt samhljóða.
    15.3. Útgáfustyrkir.
    Tillaga um að veita styrki til útgáfu- og kynningarmála fyrir hreppsnefndarfulltrúa, kr. 40 þús. árlega pr. mann, eða samtals kr. 280.000.- Greiðslum vegna 2006 og 2007 er vísað til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða.
    15.4. Landskerfi bókasafna, aðalfundur.
    Til kynningar.
    15.5. Oddafélagið, Oddastefna.
    Til kynningar.
    15.6. Fornleifavernd ríkisins, manngerðir hellar á Ægissíðu.
    Erindinu er vísað til menningarmálanefndar.
    15.7. Sunnlensk þekking, kynningarfundur.
    Til kynningar.
16. **Annað efni til kynningar:**
    16.1. Veiðiréttur í Veiðivötnum, svarbréf.
    16.2. Félagsþjónustan, úttekt á skólahúsnæði.
    16.3. Brynjar Vilmundarson, vegna Lækjarbrautar við Rauðalæk í Holtum.
    16.4. Heklusetrið, ráðstefna um Eyjólf Landshöfðingja.
    16.5. Hagstofa Íslands, félagsþjónusta sveitarfélaga.
    16.6. SASS, vegna umsagnar um frumvörp til skipulagslaga og laga um mannvirki.
    16.7. Markaðsstofa Suðurlands, útgáfa jöfnunarhlutabréfa.
    16.8. Garðyrkjustjóri, tunnuvæðing.
    16.9. Fjarskiptasjóður, staða verkefna.
    16.10. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:15.
Óli Már Aronsson, fundarritari.

## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

15. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 6. júní 2007, kl. 16:00.
Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Kjartan G. Magnússon, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Sigfús Davíðsson. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri, Indriði Indriðason, fjármálastjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.
Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, liður 1.7. verði; Svæðisráð væntanlegs Vatnajökulsþjóðgarðar, 1. fundur, 30 maí 2007, liður 2.1. verði; Úr landi Leirubakka, 3 spildur; Hraun, Urð og lóð nr. 3, liður 14. verði; Héraðsnefnd Rangárvallasýslu, vegna uppbyggingar á Gaddstaðaflötum, liður 15. verði; Fjallskiladeild Rangárvallaafréttar, vegna áningarhólfs við Hafrafell, liður 16. verði; Vottunarstofan Tún ehf., fundargerð aðalfundar og forkaupsréttur, liður 17. verði; Viðhald gatna, liður 18. verði; Leiga tjaldsvæðisins á Laugalandi, liður 19. verði; Hrauneyjar, umsókn um vínveitingaleyfi, liður 20. verði; Fyrirspurn frá B-lista varðandi lágvöruverðsverslun á Hellu, liður 21. verði; Tillaga frá B-lista um endurskoðun launa varamanna í sveitarstjórn, liður 22.4. verði; Minningarhátíð um Sr. Tómas Sæmundsson, liður 22.5. verði; Kjartan Björnsson, varðveisla viðtalsþátta, liður 23.8. verði; Fornleifavernd ríkisins, 4 erindi, liður 23.10. verði; Félagsmálaráðuneytið, framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda. Aðrir liðir færast aftar sem þessu nemur.
Samþykkt samhljóða.

1. **Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**
   1.1. Hreppsráð, 13. fundur, 24. maí 2007.
   Staðfest. Samþykkt samhljóða.
   1.2. Byggingarnefnd Rangárþings bs., 2. fundur, 31. maí 2007.
   Staðfest. Samþykkt samhljóða.
   1.3. Sameiginleg barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 10. og 11. fundur, maí 2007.
   Til kynningar.
   1.4. Sorpstöð Suðurlands, 143. fundur, 23. maí 2007.
   Til kynningar.
   1.5. Vegagerðin, 3. verkfundur, 21. maí 2007.
   Til kynningar.
   1.6. Rangárbakkar ehf., ársreikningar 2005 og 2006.
   Til kynningar.
   1.7. Svæðisráð væntanlegs Vatnajökulsþjóðgarðar, 1. fundur, 30 maí 2007.
   Til kynningar.

2. **Landskipti, sala á landi og landskikum, breytingar á landnýtingu og stofnun lögbýla:**
   2.1. Úr landi Leirubakka, 3 spildur; Hraun, Urð og lóð nr. 3.
   Karl Axelsson óskar eftir umsögn um ofangreind landskipti sem fóru fram í júlí árið 2004 en hafa ekki fengið formlega umsögn sveitarstjórnar.
   Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

3. **Ársreikningur 2006.**
   Fyrri umræða. Fulltrúi frá KPMG endurskoðun á Selfossi, Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi, fór yfir ársreikninginn, skýrði hann út og svaraði fyrirspurnum. Jafnframt er tekinn til umræðu ársreikningur um samstarfsverkefni Ásahrepps og Rangárþings ytra að Laugalandi.
   Ársreikningunum er vísað til síðari umræðu.

4. **Lánastaða.**
   Fjármálastjóri, Indriði Indriðason fór yfir stöðu lánsviðskipta og mögulegar uppgreiðslur á óhagstæðum lánum. Sveitarstjóra er falið að greiða upp óhagstæð lán og gera tillögur um endurfjármögnun annarra lána.
   Samþykkt samhljóða.

5. **Fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu. (Drög)**
   Til kynningar.

6. **Lóðaleigusamningur, með vísan í 6. lið 12. fundar hreppsráðs.**
   Kynntar hugmyndir um afmörkun umræddrar lóðar. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu og gera tillögur um endanlega útfærslu.
   Samþykkt samhljóða.

7. **Staðfestingarmál á eignarhaldi lands, sbr. lið 13.1. á 13. fundi hreppsráðs.**
   Sveitarstjóra er falið að vinna áfram að málinu.
   Samþykkt samhljóða.

Þ.T.J.
SD

8. **Leiga á húsnæði fyrir Vínbúð.**
Lögð fram tillaga að yfirlýsingu varðandi samþykki á að Kaupás framleigi ÁTVR húsnæði fyrir vínbúð að Suðurlandsvegi 1.
Sveitarstjóra og oddvita er falið að skoða málið ofan í kjölinn í samræmi við umræður á fundinum.
Samþykkt samhljóða.

9. **Skipulagsmál, gámasvæði Hellu ofl.**
Fyrir liggur tillaga um nýtt gámasvæði við Dynskála, austan núverandi íbúðabyggðar og verði deiliskipulagstillaga sett í auglýsinga- og kynningarferil.
Samþykkt samhljóða.

10. **Gunnar Guðmundsson, Töðugjöld.**
Bréf frá Gunnari Guðmundssyni frá Heiðabrún með minnispunktum um atriði á Töðugjöldum.
Til kynningar og vísað til menningarmálanefndar.

11. **Heklubraut, lagfæringar.**
Tölvuskeyti frá Ólafi Sigurðssyni varðandi lélegan veg við sumarbústaðabyggð milli Selsunds og Kots.
Tillaga um að veita allt að 200þús. kr. til nauðsynlegra lagfæringa af áætluðu styrkvegafé.
Samþykkt samhljóða.

12. **Hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðar.**
Tilnefning fulltrúa í undirbúningshóp fyrir stofnun samtakanna.
Tillaga um að Örn Þórðarson verði fulltrúi Holtamannaafréttar.
Samþykkt samhljóða.

13. **Samningur um raforkusölu.**
Fyrir liggur tilboð frá Orkusölunni í raforkukaup sveitarfélagsins. Tillaga um að fela sveitarstjóra að leita fleiri tilboða og vinna áfram að málinu.
Samþykkt samhljóða.

14. **Héraðsnefnd Rangárvallasýslu, vegna uppbyggingar á Gaddstaðaflötum.**
Tillaga var samþykkt í Héraðsnefnd Rangæinga um að sveitarfélögin í sýslunni styrki uppbyggingu á Gaddstaðaflötum um 30millj. kr., þannig að Ásahreppur og Rangárþing ytra greiði í sameiningu 10millj. kr. og 20millj. kr. verði skipt milli allra sveitarfélaganna.
Tillaga héraðsnefndar er samþykkt og reiknað með að skipting milli allra sveitarfélaganna verði skv. íbúatölu.
Samþykkt samhljóða.

15. **Fjallskiladeild Rangárvallaafréttar, vegna áningarhólfs við Hafrafell.**
Upprekstraraðilar fara fram á greiðslu efniskostnaðar á móti vinnu þeirra við nýja girðingu.
Samþykkt samhljóða.

16. **Vottunarstofan Tún ehf., fundargerð aðalfundar og forkaupsréttur.**
Fallið er frá umræddum forkaupsrétti f.h. Rangárþings ytra.
Samþykkt samhljóða.

17. **Viðhald gatna.**
Þjónustumiðstöð Rangárþings ytra hefur fengið tilboð um malbikun (yfirlagningu) á götum á Hellu, sumarið 2007 frá Hlaðbæ Colas, fyrir kr. 22.5millj., þar af yrði ríflega helmingur greiddur á næsta ári. Lagt er til að tilboðinu verði tekið.
Samþykkt samhljóða.

18. **Leiga tjaldsvæðisins á Laugalandi.**
Fyrir liggur tilboð frá einum aðila um að leigja tjaldsvæðið.
Afgreiðslu er frestað og sveitarstjóra er falið að ræða frekar við tilboðsaðila.
Samþykkt samhljóða.

19. **Hrauneyjar, umsókn um vínveitingaleyfi.**
Ekki er gerð athugasemd við endurnýjun leyfisins.
Samþykkt samhljóða.

20. **Fyrirspurn frá B-lista varðandi lágvöruverðsverslun á Hellu.**
Fulltrúar B-lista spyrja um áætlanir Kaupáss sem fram hafa komið í blaðagreinum og víðar um að opna lágvöruverðsverslun á Hellu.
Í umræðum kom fram að vöruverð hefur eitthvað lækkað við tilkomu Kjarvals á Hellu, en þó ekki nærri því að vera sambærilegt við það sem er víða annars staðar. Unnið verður áfram að málinu.

21. **Tillaga frá B-lista um endurskoðun launa varamanna í sveitarstjórn.**
Fulltrúar B-lista vilja að laun varamanna í sveitarstjórn verði tekin til endurskoðunar.
Sveitarstjóra falið að skoða málið.
Samþykkt samhljóða.

22. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

Þ. Í. J.
SÓ

22.1. Veiðifélag Landmannaafréttar, aðalfundarboð.
Aðalfundurinn er boðaður að Brúarlundi, fimmtudaginn 7. júní, kl. 20:30.
Ingvar P. Guðbjörnsson verður fulltrúi Rangárþings ytra á fundinum.
Samþykkt samhljóða.

22.2. Fræðslunet Suðurlands, hátíðarfundur.
Fundurinn er boðaður í Iðu FSU 17. júní kl. 10:00.
Til kynningar.

22.3. Rangárbakkar ehf. styrkumsókn til greiðslu fasteignagjalda.
Umsóknin er vegna fasteigna á Gaddstaðaflötum.
Tillaga um að veittur verði styrkur á móti álögðum fasteignaskatti.
Samþykkt samhljóða.

22.4. Minningarhátíð um Sr. Tómas Sæmundsson.
Til kynningar.

22.5. Kjartan Björnsson, varðveisla viðtalsþátta.
Beðið er um styrk til verkefnisins.
Tillaga er um að veita 15þús. kr. styrk.
Samþykkt samhljóða.

**23. Annað efni til kynningar:**

23.1. Félagsmálaráðuneytið, tillaga til laga um réttindi og skyldur eigenda og leigjenda frístundalóða.
23.2. Landsfundur jafnréttisnefnda.
23.3. Landsbyggðavinir, verðlaunaafhending.
23.4. Landbúnaðarstofnun, vegna aðbúnaðar og fóðrunar hrossa.
23.5. Landbúnaðarráðuneytið, ýmis málefni.
23.6. Brunabót, fyrirspurn um ráðstöfun styrks.
23.7. Skeiða- og Gnúpverjahreppur, vegna breytinga á aðalskipulagi.
23.8. Fornleifavernd ríkisins, 4 erindi.
23.9. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.
23.10. Félagsmálaráðuneytið, framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:40.
Óli Már Aronsson, fundarritari.

## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

16. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 4. júlí 2007, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur E. Júlíusson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Þorbergur Albertsson. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri, Indriði Indriðason, fjármálastjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.
Oddviti bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stjórnaði honum.
Borin upp tillaga um breytingu á dagskrá, liður 20 verður; Staðsetning kross við Hrafntinnusker.

1. **Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**
   1.1. Hreppsráð, 14. fundur, 21. júní 2007.
   Samþykkt samhljóða.
   1.2. Skipulagsnefnd, 1. fundur, 14. júní 2007, að auki bréf frá byggingar- og skipulagsfulltrúa.
   Varðandi lið 011 í fundargerðinni er samþykkt að gefa út umrætt framkvæmdaleyfi fyrir borun eftir heitu vatni við Álftavatn. Liður 012 hefur áður hlotið samþykki sveitarstjórnar.
   Öðrum liðum er varða aðal- og deiliskipulagsmál í Rangárþingi ytra í fundargerðinni er vísað til 10. liðar í þessari fundargerð.
   Samþykkt samhljóða.
   1.3. Fjallskilanefnd Rangárvallaafréttar, 5. fundur, 28. júní 2007.
   Samþykkt samhljóða.
   1.4. Vinnuhópur um verknámsdeild, 1. fundur, 27. júní 2007.
   Til kynningar.
   1.5. Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 20. fundur, 25. júní 2007.
   Sigurbjartur Pálsson er tilnefndur til að fara með atkvæði Rangárþings ytra á aðalfundi samlagsins 9. júlí, 2007.
   Samþykkt samhljóða.
   Aðrir liðir í fundargerðinni eru til kynningar.
   1.6. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 100. fundur, 19. júní 2007.
   Til kynningar.
   1.7. Skólaskrifstofa Suðurlands, 95. fundur, 20. júní 2007.
   Til kynningar.
   1.8. SASS, 404. fundur, 6. júní 2007.
   Til kynningar.
   1.9. Minnisblað frá fundi með Vegagerðinni, 5. júní 2007.
   Til kynningar.
   1.10. Minnisblað frá fundi með Orkuveitu Reykjavíkur, 26. júní 2007.
   Til kynningar.
   1.11. Minnisblað, stofnun Hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðar, 21. júní 2007.
   Til kynningar.
   1.12. Samband ísl. sveitarfélaga, 744. fundur, 22. júní 2007.
   Til kynningar.
2. **Landskipti, sala á landi og landskikum, breytingar á landnýtingu og stofnun lögbýla:**
   Umhverfisráðuneytið, tilkynning um staðfestingu breytinga á aðalskipulagi, fyrir:
   2.1. Köldukinn, Holtum.
   2.2. Frístundabyggð í landi Múla.
   2.3. Frístundabyggð í landi, Reyðarvatns, Geitasands og Spámannsstaða.
   Til kynningar.
3. **Ársreikningar 2006, síðari umræða.**
   Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 798 millj. kr. skv. samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 759,9 millj. kr.. Rekstrarniðurstaða skv. samanteknum ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 43,2 millj. kr., en í A hluta námu tekjur umfram gjöld 37,2 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2006 nam 546,5 millj. kr. skv. efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 566,5 millj. kr.
   Ársreikningurinn er samþykktur, ásamt ársreikningum sameiginlegra stofnana á Laugalandi.
   Samþykkt samhljóða.
4. **Kosningar í embætti til eins árs.**
   Kjör oddvita til eins árs: Eftirfarandi tillaga lögð fram um kjör oddvita:
   Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hellu, verði oddviti 2007 - 2008.
   Samþykkt með 4 atkvæðum 3 sitja hjá. (ÓEJ. MÝS. ÞA.).

Kjör varaoddvita til eins árs: Eftirfarandi tillaga lögð fram um kjör varaoddvita:
Ingvar P. Guðbjörnsson, Nestúni 8, 850 Hellu, verði varaoddviti 2007 - 2008.
Samþykkt með 4 atkvæðum 3 sitja hjá. (ÓEJ. MÝS. ÞA.).
Kjör hreppsráðs til eins árs: Lögð fram tillaga um að eftirtaldir hreppsnefndarfulltrúar skipi hreppsráð 2007 - 2008:
Aðalmenn:
Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella
Ingvar P. Guðbjörnsson, Nestúni 8, 850 Hella
Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hella
Samþykkt samhljóða.
Til vara:
Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hella
Helga Fjóla Guðnadóttir, Skarði, Landsveit, 851 Hella
Ólafur Júlíusson, Nestúni 1, 850 Hella
Samþykkt samhljóða.
Kjör formanns og varaformanns hreppsráðs til eins árs: Lögð fram eftirfarandi tillaga:
Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella, verði formaður 2007 - 2008.
Ingvar P. Guðbjörnsson, Nestúni 8, 850 Hella, verði varaformaður 2007 - 2008.
Samþykkt með 4 atkvæðum 3 sitja hjá. (ÓEJ. MÝS. ÞA.

5. **Lánastaða, með vísan í 4. lið 15. fundar hreppsnefndar.**
Indriði Indriðason, fjármálastjóri fór yfir stöðu mála. Í framhaldi af því er lögð fram tillaga um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 100 millj. kr. til hagræðingar og uppgreiðslu eldri lána.
Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi bókun samhljóða:
*"Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka hér með lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 100.000.000,- kr. til 12 mánaða. Tilgangur með þessari lántöku er að endurfjármagna eldri og óhagstæðari lán. Jafnframt er Erni Þórðarsyni kt.: 040461-4779 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Rangárþings ytra að undirrita lánasamning eða skuldabréf við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari".*
Samþykkt samhljóða.

6. **Skipan í nefnd um stefnumótun í skólamálum.**
**Tillaga um stýrihóp um skólastefnu fyrir Rangárþing ytra.**
**Fulltrúar sveitarstjórnar:**
Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G. Magnússon.
**Sveitarstjóri:**
Örn Þórðarson
**Fulltrúar fræðslunefndar:**
Ragnar Pálsson, Valgerður Brynjólfsdóttir, Magnús Jóhannsson.
**Skólastjórar:**
Björg S. Kvaran, Sigrún B. Benediktsdóttir, Sigurgeir Guðmundsson, Sigurjón Bjarnason.
**Fulltrúar kennara grunnskóla:**
2 frá Grunnskólanum Hellu, 1 frá Laugalandsskóla
**Fulltrúar foreldrafélaga:**
Formaður foreldrafélags Grunnskólans á Hellu, formaður foreldrafélags Laugalandsskóla, formaður foreldrafélags Leikskólans Heklukots, formaður foreldrafélags Leikskólans á Laugalandi.
**Fulltrúi tónlistarskólans:**
Gísli Stefánsson
**Framkvæmdaráð:**
Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þorgils Torfi Jónsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Sigurgeir Guðmundsson, Sigurjón Bjarnason. Með framkvæmdaráði starfi sveitarstjóri.
Samþykkt samhljóða.
Tillaga er um að Ingvar P. Guðbjörnsson verði formaður stýrihópsins og framkvæmdaráðsins.
Samþykkt með 4 atkvæðum 3 sitja hjá. (ÓEJ. MÝS. ÞA.).

7. **Sumarorlof hreppsnefndar og umboð hreppsráðs til fullnaðarafgreiðslu mála.**
Lagt er til að hreppsnefnd geri hlé á reglulegum fundahöldum á tímabilinu 15. júlí til og með 31. ágúst 2007.
Jafnframt er lagt til að hreppsráði verði veitt umboð til fullnaðarafgreiðslu mála á meðan hreppsnefnd er í fundahléi frá 15/7 til 31/8 2007.
Samþykkt samhljóða.

8. **Endurskoðun launa varamanna, með vísan í 21. lið 15. fundar hreppsnefndar.**
Tillaga er um að laun varamanna í hreppsnefnd hækki úr 2% í 3 % af þingfararkaupi frá og með 1. september nk.
Samþykkt samhljóða.

9. **Frístundahúsalóðir á Gaddstöðum.**
Leitað er eftir heimild sveitarstjórnar til að skipuleggja frístundalóðir í Gaddstaðalandi á reit merktur F6 á aðalskipulagsuppdrætti Rangárþings ytra 2002 – 2014 og setja þær í sölu.
Heimildin er veitt og oddvita og sveitarstjóra falið að vinna að málinu.
Samþykkt samhljóða.

10. **Aðal- og deiliskipulagsbreytingar.**
Byggingar- og skipulagsfulltrúi Rangárþings bs. vegna breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi, fyrir:

10.1. Frístundabyggð í landi Haukadals.
Um er að ræða að breyta um 12 ha landi sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, í frístundabyggð auk einnar íbúðarhúsalóðar. Ætlunin er að setja út 9 frístundahúsalóðir frá 0,7-2,3ha að stærð. Að auki er um að ræða eina 9,3 ha lóð fyrir íbúðarhús.
Sveitarstjórn samþykkir heimild til auglýsingar skv. framlögðum gögnum. Samþykkt samhljóða.

10.2. Frístunda- og íbúðabyggð í landi Hvamms í Holtum.
Aðalskipulagsbreytingin felur í sér að landbúnaðarsvæði er breytt í annars vegar 12ha lands undir íbúðabyggð, hins vegar 40 ha lands undir frístundahúsabyggð. Deiliskipulagið tekur til samtals 9 lóða frá 0,8-1,5 ha að stærð undir íbúðarbyggð. Einnig er um að ræða samtals 41 lóð undir frístundahús sem eru frá 0,4-0,8 ha að stærð.
Sveitarstjórn samþykkir heimild til auglýsingar skv. framlögðum gögnum. Samþykkt samhljóða.

10.3. Frístunda- og íbúðabyggð í landi Ölversholts.
Aðalskipulagsbreytingin tekur til nýs íbúðarsvæðis og breyttrar frístundahúsabyggðar í landi Ölversholts 3. Um er að ræða breytingu á landnotkun í aðalskipulagi á fyrrum, Holta- og Landsveitar 2002-2014. Breytingin felur í sér að fyrrum landbúnaðarsvæði verði breytt í íbúðarbyggð ( I5 á uppdrætti) á um 5 ha svæði. Samkvæmt núgildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir frístundabyggð F8 í landi Ölversholts. Sú byggð færist til suðausturs og minnkar úr 20ha í 10 ha og stækkar landbúnaðarsvæðið sem því nemur. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 2-3 íbúðarhúsa á svæðinu auk byggingu 50m2 geymslu og allt að 25m2 gestahús. Á 3 frístundahúsalóðum eru reitir fyrir byggingu frístundahúsa, auk 25m2 geymslu og 25m2 gestahúss.
Sveitarstjórn samþykkir heimild til auglýsingar skv. framlögðum gögnum. Samþykkt samhljóða.

10.4. Frístundabyggð í landi Stóru Valla í Landsveit.
Aðalskipulagsbreytingin felur í sér að u.þ.b. 75 ha lands, eru tekin úr landbúnaðarnotkun undir frístundabyggð. Deiliskipulagið tekur til 6 lóða undir frístundabyggð á samtals um 13 ha svæði. Aðkoma að frístundabyggðinni er um Landveg sunnan Minni-Vallalækjar.Í gildandi aðalskipulagi á svæðinu er stærstur hluti lands skilgreindur sem vatnsverndarsvæði í flokki II, grannsvæði vatnsbóla. Fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem felur í sér að norðurmörk vatnsverndarsvæðisins færist til suðurs, eins og fram kemur á deiliskipulagsuppdrætti. Þessi breyting hefur fengið jákvæða umsögn Heilbrigðisnefndar Suðurlands, að fengnu áliti Íslenskra Orkurannsókna (ISOR).
Afgreiðslu er frestað og sveitarstjóra falið að kalla eftir frekari gögnum. Samþykkt samhljóða.

10.5. Íbúðabyggð í landi Borgar og Eyrartúns í Þykkvabæ.
Breyting á aðalskipulagi vegna deiliskipulagsins var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarnefndar Rangárþings ytra 22.03.2007. Deiliskipulagstillagan tekur til 35 ha svæðis úr landi Borgar og Eyrartúns II í Þykkvabæ. Um er að ræða samtals 19 lóðir undir íbúðarhús.
Sveitarstjórn samþykkir heimild til auglýsingar skv. framlögðum gögnum. Samþykkt samhljóða.

10.6. Gámasvæði á Hellu.
Gámavöllurinn verður staðsettur á iðnaðarsvæði, nánar tiltekið á Öldum norðvestan við lóð Reykjagarðs, og er stærð gámavallar 70 m að lengd og 22-37 að breidd, og er stærð svæðisins samtals 4500m2. Deiliskipulagið tekur til svæðis undir gáma til losunar á ýmiskonar úrgangi. Svæðið mun verða girt af bæði með fokgirðingum og jarðvegsmönum. Deiliskipulagið er samkvæmt aðalskipulagi Hellu 2002-2014.
Sveitarstjórn samþykkir heimild til auglýsingar skv. framlögðum gögnum. Samþykkt samhljóða.

10.7. Melur, við Þykkvabæjarveg.
Deiliskipulagið tekur til svæðis sem er ca 62,4ha að stærð, og er gert ráð fyrir 2 byggingarreitum, undir íbúðarhús og gestahús á öðrum reitnum, og á hinum er gert ráð fyrir byggingu hesthúss og reiðskemmu.
Sveitarstjórn samþykkir heimild til auglýsingar skv. framlögðum gögnum. Samþykkt samhljóða.

11. **Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps.**
Til kynningar.

12. **Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Rangárþings ytra og Ásahrepps, ráðningarmál.**
Til kynningar.

13. **Björg Kvaran, leikskólastjóri, greinargerð vegna leikskóladeildar í Þykkvabæ.**
Til kynningar.

14. **Björg Kvaran, leikskólastjóri, erindi varðandi framtíð leikskólans Heklukots.**
Til kynningar.

15. **Örn Hrólfsson, varðandi skemmdir vegna jarðskjálftans árið 2000.**
Sveitarstjóra falið að leiðbeina viðkomandi í málinu. Samþykkt samhljóða.

16. **Tónlistarskólinn í Reykjavík, með vísan í lið 9.2. á 14. fundi hreppsráðs.**
Til kynningar.
17. **Vegagerð ríkisins, afgreiðsla styrkumsókna 2007 í styrkvegasjóð.**
Rangárþingi ytra er úthlutað 4 millj. kr. styrk til endurbóta á ýmsum vegum í sveitarfélaginu. Til kynningar.
18. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
    18.1. Rangárbakkar ehf. stofnun einkahlutafélags um reiðhöll á Gaddstaðaflötum.
    Boðað er til hluthafafundar í Rangárbökkum ehf. um málið og óskað eftir tilnefningu fulltrúa á fundinn.
    Lagt er til að Örn Þórðarson fari með umboð Rangárþings ytra á hluthafafundinn.
    Samþykkt samhljóða.
    18.2. Fjallskiladeild Rangárvallaafréttar, umsókn um styrk vegna áburðargjafar í Fosshögum og við Hafrafell.
    Lagt er til deildin fái 60þús. kr styrk til verkefnisins. Samþykkt samhljóða.
    18.3. Samband íslenskra sveitarfélaga, námskeið um samningsstjórnun.
    Til kynningar.
    18.4. Samband íslenskra sveitarfélaga, hópferð á Opna daga sveitarstjórnarvettvangs ESB.
    Til kynningar.
    18.5. Fræðslunet Suðurlands, námskeiðshald.
    Til kynningar.
    18.6. Ungmennafélag Íslands, opnun sögusýningar.
    Til kynningar.
19. **Annað efni til kynningar:**
    19.1. SASS, menningarsamningur Suðurlands.
    19.2. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, niðurstöður baðvatnssýnatöku.
    19.3. SASS, menningarsamningur Suðurlands.
    19.4. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.
20. **Staðsetning kross við Hrafntinnusker.**
Fallist er á beiðni um uppsetningu á 60 cm. háum minningarkrossi um Oliver Meisner, við íshellinn í Hrafntinnuskeri.
Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.
Óli Már Aronsson, fundarritari.